

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Kjalarnes, Nesvík.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 9. apríl 2021, nýtt deiliskipulag fyrir Nesvík á Kjalarnesi, sem felst í uppbyggingu á ferðapjónustu á jörðinni. Áformin eru að reisa hótél og heilsulind með allt að 100 herbergjum auk 12 stakstæðra húsa sem verða leigð út sem gistirými og þjónustuð af hótelinu. Hönnun og frágangur miðar að því að halda í staðaranda Nesvíkur og falla sem best að landi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 26. apríl 2021.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. apríl 2021